# Fréttabréf

APRÍL 2016

LSR

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga



# Afkoma LSR og LH á árinu 2015

LSR og LH skiluðu góðri ávöxtun á árinu 2015. Nafnávöxtun LSR var 8,7% og hrein raunávöxtun var 6,5%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm árin er 6,5%. Nafnávöxtun LH á árinu 2015 var 7,4% og hrein raunávöxtun var 5,1%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LH síðustu fimm árin er 6,6%.

Heildareignir LSR og LH voru 611 milljarðar króna í árslok 2015 og námu tekjur af fjárfestingum 49 milljörðum króna á síðasta ári.

Innlendur hlutabréfamarkaður skilaði góðri ávöxtun á árinu en ávöxtun erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina var í takti við erfitt árferði á erlendum hlutabréfamörkuðum. Raunávöxtun innlendra hlutabréfa var 32,9%, erlendra hlutabréfa 0,7% og innlendra skuldabréfa 4,6%.

Hátt hlutfall LSR og LH í erlendum bréfum hafði áhrif til lækkunar á ávöxtun sjóðanna á síðasta ári. Á móti kemur að á undanförnum árum hafa erlend hlutabréf skilað sjóðnum góðri ávöxtun auk þess að vera góð áhættudreifing.

Í árslok 2015 voru 49,5% af eignum sjóðsins í skuldabréfum, þar af 30,3% í skuldabréfum með ríkisábyrgð, 14,9% í innlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, 30,3% í erlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum og 5,3% í innlánum. Hlutfall eigna LSR og LH í erlendum gjaldmiðlum var 31,6% í árslok 2015 og eru eignir vel dreifðar á útgefendur, lönd og atvinnugreinar.

## Aukin eftirspurn eftir sjóðfélagalánum

Gerðar hafa verið breytingar á skilmálum og kjörum sjóðfélagalána LSR og eru þau nú enn hagstæðari valkostur en áður. Lántökukostnaður hefur verið lækkaður og er hann nú 0,5%. Veðsetningarhlutfall hefur verið hækkað í allt 75% gegn ákveðnum skilyrðum. Jafnframt hafa fastir vextir verið lækkaðir í 3,60%. Breytingarnar hafa mælst mjög vel fyrir og hefur eftirspurn eftir sjóðfélagalánum hjá LSR aukist töluvert undanfarna mánuði. Eins og áður er engin uppgreiðsluþóknun tekin þegar greitt er aukalega inn á höfuðstól lánanna eða þau greidd upp að fullu fyrir gjalddaga.

Lánsréttur að sjóðfélagalánum hjá LSR er víðtækur. Lánsrétt hafa ekki eingöngu virkir sjóðfélagar, heldur allir þeir sem hafa einhvern tímann greitt iðgjald til sjóðsins, eru í stéttarfélagi með aðild að sjóðnum, hafa yfirtekið sjóðfélagalán með kaupum á fasteign og lífeyrisþegar. Lánin eru veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði og gegn því að sýnt sé fram á greiðslugetu og lánshæfi.

Nánari upplýsingar um lánin er hægt að fá hjá þjónusturáðgjöfum sjóðsins að Engjateigi 11, í síma 510 6100 og á vef LSR, www.lsr.is

## 40,5 milljarðar kr. í lífeyri á árinu 2015

Á árinu 2015 greiddu LSR og LH 40,5 milljarða kr. í lífeyri sem er 13,7% hækkun frá árinu á undan. Þar af voru 32,7 milljarðar kr. greiddir úr B-deild eða 80,8% allra lífeyrisgreiðslna. Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 4,2 milljörðum kr., 369 milljónir kr. voru greiddar úr Séreign LSR og 3,2 milljarðar kr. úr LH. Alls fengu 21.082 einstaklingar greiddan lífeyri á árinu sem er 1.543 fleiri en frá fyrra ári. Flestir lífeyrisþegar fá greitt úr B-deild LSR eða 14.394, 5.236 úr A-deild LSR, 389 úr Séreign LSR og 1.063 úr LH.

## Séreign inn á lán

Athygli er vakin á að enn er hægt að nýta sér séreignargreiðslur skattfrjálst inn á lán. Séreignargreiðslur vegna launa til 30.6.2017 falla undir úrræðið. Sérstaklega er minnt á að þótt útgreiðsla séreignar í tengslum við fasteignakaup, sé opin til umsóknar tveim árum lengur, þá þurfa séreignargreiðslurnar sjálfar að vera vegna launa sem greidd eru fyrir ofangreinda dagsetningu. Ekki er hægt að greiða séreign afturvirkt af launum og því borgar sig að gera séreignarsamning sem fyrst. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá þjónusturáðgjöfum og á vef LSR, www.lsr.is.

## Kynninga– og fræðslufundir um lífeyrismál

### 18. og 19. maí 2016

### Hægt er að velja um tvær tímasetningar kl. 8:30 –10:00 eða kl. 16:30 – 18:00

Sjóðfélagar eru beðnir um að skrá sig á fundinn sem haldinn er í húsakynnum LSR að Engjateigi 11. Tekið er á móti skráningum í síma 510 6100 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lsr@lsr.is og tilgreina nafn, kennitölu og val á tímasetningu. Einnig er hægt að senda spurningar, sem óskað er eftir að svarað verði á fundinum.

# B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

## Upplýsingar um starfsemi á árinu 2015

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015

| | 2015 | 2014 |
|---|---:|---:|
| Iðgjöld | 2.260,4 | 2.240,8 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | 98,9 | 99,0 |
| Lífeyrishækkanir | 12.001,5 | 10.228,2 |
| Uppgreiðslur og innborganir v/skuldbindinga | 1.453,7 | 1.515,2 |
| Lífeyrir | (32.748,8) | (29.019,2) |
| Fjárfestingartekjur | 16.135,7 | 23.002,0 |
| Breytingar á niðurfærslu | 80,9 | 2.613,4 |
| Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar | 0,0 | 43,9 |
| Fjárfestingargjöld | (153,1) | (166,0) |
| Rekstrarkostnaður | (293,2) | (267,6) |
| Aðrar tekjur | 14,0 | 12,9 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **(1.149,9)** | **10.302,7** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **227.326,9** | **217.024,2** |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | **226.177,0** | **227.326,9** |

Fjárhæðir í milljónum króna

## Efnahagsreikningur 31.12.2015

| | 2015 | 2014 |
|---|---:|---:|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 116.829,9 | 117.129,2 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 72.094,7 | 73.475,3 |
| Veðlán | 26.953,6 | 30.278,4 |
| Aðrar fjárfestingar | 64,6 | 104,2 |
| Bankainnistæður | 10.692,0 | 6.615,9 |
| Kröfur | 1.176,4 | 978,3 |
| Aðrar eignir | 22,4 | 25,8 |
| **Eignir samtals** | **227.833,5** | **228.607,1** |
| Aðrar skuldir | 1.656,5 | 1.280,2 |
| **Skuldir samtals** | **1.656,5** | **1.280,2** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **226.177,0** | **227.326,9** |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | | |
| Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. laga nr. 1/1997 | **343.034,5** | **309.453,8** |

Fjárhæðir í milljónum króna

## Kennitölur

| | 2015 | 2014 |
|---|---:|---:|
| Nafnávöxtun | 7,3% | 12,2% |
| Hrein raunávöxtun | 5,1% | 10,9% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 7,1% | 6,4% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 1,9% | 2,7% |
| Eignir í íslenskum krónum | 56,0% | 55,4% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 44,0% | 44,6% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum | 0,12% | 0,11% |
| Fjárfestingargjöld í hlutfalli af eignum | 0,07% | 0,07% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 3.076 | 3.450 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 13.534 | 12.993 |

### Hrein eign til greiðslu lífeyris




### Stjórn LSR

Gunnar Björnsson, formaður
Þórveig Þormóðsdóttir, varaformaður
Árni Stefán Jónsson
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Unnur Pétursdóttir
Viðar Helgason
Þórður Á. Hjaltested

**Framkvæmdastjóri**
Haukur Hafsteinsson

### Ársfundur

Ársfundur LSR og LH verður haldinn þriðjudaginn 17. maí nk. kl. 15:00 í húsnæði LSR við Engjateig 11. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins



Engjateigi 11 • 105 Reykjavík • Sími: 510 6100

# A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

## Upplýsingar um starfsemi á árinu 2015

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 22.240,1 | 19.791,8 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | 165,7 | 135,0 |
| Lífeyrir | (4.413,2) | (3.511,0) |
| Fjárfestingartekjur | 29.917,5 | 22.666,0 |
| Breytingar á niðurfærslu | (112,5) | 429,0 |
| Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar | 0,0 | 20,0 |
| Fjárfestingargjöld | (190,9) | (184,6) |
| Rekstrarkostnaður | (166,2) | (143,9) |
| Aðrar tekjur | 15,4 | 12,9 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **47.455,8** | **39.214,7** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **295.958,3** | **256.743,5** |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | **343.414,1** | **295.958,3** |

Fjárhæðir í milljónum króna

## Efnahagsreikningur 31.12.2015

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 142.361,1 | 112.487,6 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 150.788,5 | 140.449,7 |
| Veðlán | 31.419,0 | 29.460,9 |
| Aðrar fjárfestingar | 53,8 | 82,6 |
| Bankainnistæður | 16.775,3 | 12.389,2 |
| Húseignir og lóðir | 443,9 | 450,9 |
| Kröfur | 1.792,6 | 1.445,6 |
| Aðrar eignir | 22,4 | 25,8 |
| **Eignir samtals** | **343.656,6** | **296.792,4** |
| Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar | 0,0 | 532,3 |
| Aðrar skuldir | 242,5 | 301,9 |
| **Skuldir samtals** | **242,5** | **834,2** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **343.414,1** | **295.958,3** |

Fjárhæðir í milljónum króna

## Kennitölur

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 9,7% | 8,7% |
| Hrein raunávöxtun | 7,5% | 7,5% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 6,1% | 5,0% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 1,6% | 2,2% |
| Eignir í íslenskum krónum | 77,1% | 76,4% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 22,9% | 23,6% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum | 0,05% | 0,05% |
| Fjárfestingargjöld í hlutfalli af eignum | 0,06% | 0,07% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 23.895 | 23.313 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 4.506 | 3.709 |

## Lífeyrisskuldbindingar skv. tryggingafræðilegri úttekt

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 11.074 | 4.812 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | 3,3% | 1,6% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | (57.158 ) | (55.628 ) |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -8,8% | -9,6% |

Fjárhæðir í milljónum króna

### Hrein eign til greiðslu lífeyris




### Stjórn LSR

Gunnar Björnsson, formaður
Þórveig Þormóðsdóttir, varaformaður
Árni Stefán Jónsson
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Unnur Pétursdóttir
Viðar Helgason
Þórður Á. Hjaltested

**Framkvæmdastjóri**
Haukur Hafsteinsson

### Ársfundur

Ársfundur LSR og LH verður haldinn þriðjudaginn 17. maí nk. kl. 15:00 í húsnæði LSR við Engjateig 11. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.


LSR
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11 • 105 Reykjavík • Sími: 510 6100

# Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

## Upplýsingar um starfsemi á árinu 2015

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 203,2 | 225,1 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | 23,4 | 22,9 |
| Lífeyrishækkanir | 1.297,6 | 1.065,9 |
| Uppgreiðslur og innborganir v/skuldbindinga | 116,0 | 150,2 |
| Lífeyrir | (3.187,9) | (2.744,3) |
| Fjárfestingartekjur | 2.000,7 | 2.656,0 |
| Breytingar á niðurfærslu | (7,7) | 44,2 |
| Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar | 0,0 | 11,5 |
| Fjárfestingargjöld | (24,3) | (27,2) |
| Rekstrarkostnaður | (47,5) | (39,5) |
| Aðrar tekjur | 1,2 | 1,3 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **374,7** | **1.366,0** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **27.359,3** | **25.993,2** |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | **27.733,9** | **27.359,3** |

Fjárhæðir í milljónum króna

### Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í milljö. kr.)




## Efnahagsreikningur 31.12.2015

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 14.475,7 | 14.226,3 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 9.680,6 | 9.982,1 |
| Veðlán | 1.841,9 | 2.127,2 |
| Aðrar fjárfestingar | 30,8 | 54,8 |
| Bankainnistæður | 1.811,8 | 1.215,8 |
| Kröfur | 37,5 | 34,0 |
| Aðrar eignir | 5,0 | 5,7 |
| **Eignir samtals** | **27.883,2** | **27.645,9** |
| Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar | 0,0 | 162,7 |
| Aðrar skuldir | 149,3 | 124,0 |
| **Skuldir samtals** | **149,3** | **286,6** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **27.733,9** | **27.359,3** |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | | |
| Krafa á launagreiðendur skv. 20. gr. laga nr. 2/1997 | **47.967,3** | **43.439,9** |

Fjárhæðir í milljónum króna

## Kennitölur

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 7,4% | 10,6% |
| Hrein raunávöxtun | 5,1% | 9,3% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 6,6% | 5,9% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 1,4% | 2,2% |
| Eignir í íslenskum krónum | 54,9% | 55,3% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 45,1% | 44,7% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum | 0,17% | 0,14% |
| Fjárfestingargjöld í hlutfalli af eignum | 0,09% | 0,10% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 305 | 351 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 996 | 946 |

### Stjórn LH

Guðjón Hauksson, formaður
Oddur Gunnarsson, varaformaður
Halldóra Friðjónsdóttir
Ragnheiður Gunnarsdóttir

**Framkvæmdastjóri**
Haukur Hafsteinsson

### Ársfundur

Ársfundur LSR og LH verður haldinn þriðjudaginn 17. maí nk. kl. 15:00 í húsnæði LSR við Engjateig 11. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.